



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Reykjavík 13. desember 2013.

Alþingi við Austurvöll
Umhverfis- og skipulagsnefnd
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Athugasemdir við frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Fuglavernd fagnaði því þegar samkomulag varð um ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 og vill mótmæla nýju frumvarpi um brottfall þeirra.

Nýju lögin eru mikilvægt skref í að halda á lofti gildum náttúruverndar, útivistar og landsins gæða. Nýju lögin eru með skýrari markmiðum, afdráttarlausari orðalagi, skýrari meginreglum í samræmi við alþjóðasamstarf og –samninga, taka betur á almannrétti, utanvegaakstri og vernd náttúrufyrirbæra.

Með innleiðingu varúðarreglunnar í nýjum lögum styrkist t.d. grein nr.57, um ákvæði um sérstaka vernd, verulega, sem svipar til 37.gr. í lögum nr.44/1999. En að baki þessum greinum liggur nokkuð skýr vilji um verndarsjónarmið en hefur í lögum nr. 44/1999 verið of veikt til að koma að gagni. Mjög mikilvægt sjónarmið fyrir fugla og búsvæði þeirra.

Að okkar mati á það er það úreltur og forn hugsunarháttur að íslensk lagasetning taki framkvæmdir og rask sem valda náttúruspjöllum fram yfir gildi náttúruverndar, útivistar og þess að tryggja komandi kynslóðum sambærileg gæði lands og við höfum notið.

Virðingarfyllt
F.h. Fuglaverndar
Jóhann Óli Hilmarsson, formaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri